

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 25.03 2015

Fundarstaður: VSI

Fundur settur kl. 20:30. Mættir eru : GS, HG, SS, KSI, DHS og Heimir Sigurðsson (HS)

- HS kynnir uppbyggingu heimasíðu FFF, flatey.com og hvernig setja á inn efni á hana. Stjórn FFF fær HS til að leiða heimasíðustarfið áfram á meðan fleiri eru að ná upp færni þar sem hann hefur staðið að uppbyggingu hennar og þróun. Heimi falið að kalla saman ritnefnd og hefja starfið. DHS verður fulltrúi stjórnar FFF í heimasíðuvinnu. HS fór af fundi kl. 21.25
- Ný stjórn skipti með sér verkum. SS sér um gjaldkerastöðu, KSI verður ritari og GS verður áfram formaður, enda kosin í fyrra til tveggja ára. Ný stjórn býður DHS velkominn til starfa.
- Rætt um samninga Sæferða og viðkomur í Flatey.
- Rætt um að hitta Sveitastjóra Reykhólahrepps vegna málefna Flateyjar.
- Ákveðið að skipuleggja brunaæfingu um Hvítasunnuhelgina og að fá skyndihjálparnámskeið á virkum degi.
- Önnur mál – umræður.

Fundi slitið kl. 22:15